



1. fundur framkvæmdaráðs SSA 19. október 2018

Fundurinn hófst kl. 11:00 í Silfurhöllinni á Seyðisfirði.

Mættir voru framkvæmdaráðsmenn SSA: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson og Hildur Þórisdóttir.

Einar Már Sigurðarson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Fulltrúi LungA skóla
2. Fagráð og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Austurlands
3. Önnur mál

1. Fulltrúi LungA skóla

Jonatan Spejlborg annar stjórnenda LungA skólans kom og kynnti starfsemina og hvaða þýðingu skólinn hefur fyrir samfélagið á Seyðisfirði. Þeir ná ekki að fullfjármagna starfsemina eins og er. Nemendur borga 40% af rekstrarkostnaði en þeir hafa náð að loka gatinu með styrkjum sem ekki standa lengur til boða þar sem þetta er starfsemi í rekstri og fellur ekki lengur undir skilmála styrkjanna.

2. Fagráð og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Austurlands

Formaður lagði til að Ásta Kristín Sigurjónsdóttir verði formaður úthlutunarnefndar. Það var samþykkt samhljóða. Formaður lagði til að Þórgnýr Dýrfjörð og Þorbjörg Sandholt verði fulltrúar í úthlutunarnefnd. Það var samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

a) Samstarf SSA og Austurbrúar. Rætt um samstarfið út frá ályktun aðalfundar SSA 2018 þar sem rætt er um möguleika á að SSA og Austurbrú falli undir sömu stjórn. Stjórn SSA hefur verið falið að ræða við hagaðila. Setja þarf markmið um skilvirkni og ábyrgð.

b) Svæðisskipulag Austurlands. Skoða þarf samningamál við verkefnastjórnann og ganga frá því sem fyrst.

Fundi slitið.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir
